

**REGLUGERÐ  
um sérstaka úthlutun skv. 1. ml. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990,  
til skel- og rækjubáta.**

1. gr.

Vegna skerðinga, sem urðu á leyfilegum heildarafla í rækju á innfjarðasvæðum, þ.m.t. Eldeyjarsvæði, á fiskveiðíarinu 2001/2002, skal á fiskveiðíarinu 2002/2003 úthluta aflamarki sem nemur samtals 2.018 þorskígildistonnum til báta, sem hafa hlutdeild í innfjarðarækju.

Við útreikning uppbóta skal miðað við, að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafla rækjuvertíðanna 1995/1996 - 2000/2001. Ekki skal koma til uppbóta samkvæmt reglugerð þessari hafi meðaltalsaflamark báta í innfjarðarækju á einstökum svæðum verið 52,5 lestir eða hærra á fiskveiðíarinu 2001/2002.

Uppbætur samkvæmt 1. ml. 1. mgr. skulu þó skerðast hlutfallslega miðað við lækkun á leyfilegum þorskafla milli fiskveiðíaranna 2001/2002 og 2002/2003.

2. gr.

Vegna skerðinga sem orðið hafa í hörpudisksveiðum í Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa skal á fiskveiðíarinu 2002/2003 úthluta bátum, sem aflahlutdeild hafa í hörpudiski á þessum svæðum, uppbótum í aflamarki, sem samtals nemur 174 þorskígildistonnum. Skulu 99 þorskígildistonnum koma í hlut báta með hlutdeild í hörpudiski í Húnaflóa og 75 þorskígildistonnum í hlut báta með hlutdeild í hörpudiski í Ísafjarðardjúpi.

3. gr.

Vegna fyrirsjánlegra skerðinga sem verða í skelveiðum á Breiðafirði á fiskveiðíarinu 2002/2003 skal á því fiskveiðíári úthluta til þeirra báta sem hlutdeild hafa í skel í Breiðafirði samtals 400 þorskígildistonnum.

4. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeilda, sem þeir hafa í rækju og skel á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún er 1. ágúst 2002. Uppbæturnar skulu skiptast á eftirgreindar tegundir: þorsk, ýsu, ufsa og steinbít í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í þessum tegundum á fiskveiðíarinu 2002/2003 og verðmætastuðla á fiskveiðíarinu 2001/2002.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og komi til framkvæmda 1. september 2002.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. ágúst 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

---

*Jón B. Jónasson.*